

Nd. 606. Frumvarp til laga [292. mál]

um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn með l. nr. 5 28. febr. 1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana

2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1 gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.
- b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

3. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt l. 5/1974, skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr. svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Sveitarstjórnir skulu gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

4. gr.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, var ákveðið að leggja á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og l. 10/1960 um söluskatt taka til, og skyldi gjaldið koma í stað hálfvísu viðlagagjalds sbr. l) lið 1. mgr. 8. gr. l. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

Samkvæmt áætlun hagrannsóknardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins er gert ráð fyrir því, að tekjur skv. l. 5/1974 muni nema 800 millj. króna á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975. Í athugasemdum með frumvarpi til l. 5/1974 voru ýmsar tölu- legar upplýsingar, svo sem áætlanir um skiptingu íbúafjölda eftir hitagjafa í árslok 1973 og um heildarkostnað við kyndingu íbúða á árunum 1973 og 1974 og vísast til þess, sem þar er sagt.

Í l. 5/1974 er ekki fjallað um ráðstöfun á tekjum af gjaldinu, en í 2. gr. laganna segir, að þeim verði ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum, og þess vegna er þetta frumvarp lagt fram.

Tilgangurinn með þessum lagasetningum er að draga úr aðstöðumun landsmanna eftir því við hvaða hitagjafa þeir búa, og létta þannig byrðina á þeim hluta landsmanna, sem búa við olíukyndingu.

Erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir því, hversu mikið er unnt með þessu móti að draga úr áhrifum olíuverðhækkana til hitunar íbúðarhúsnæðis, en miðað við lauslega áætlun ætti bilið milli hitunarkostnaðar með olíu og hitaveitu í heild ekki að aukast frá því, sem var í desember 1973.

Í 2. gr. frumvarps þessa er fjallað um það, hvernig tekjum af gjaldi samkvæmt l. 5/1974 skuli varið. Er í fyrsta lagi um að ræða greiðslu til þeirra einstaklinga, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Svo sem fram kemur í l. gr. l. 5/1974 er ætlast til, að ráðstafanir þessar verði bundnar við íbúðarhúsnæði, enda leyfa tekjur af gjaldinu ekki, að ráðstafanirnar nái til fleiri neysluflokka, a. m. k. yrðu verðlækkunar- áhrifin þá miklu minni og kæmu ekki að nægu gagni.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að sama upphæð greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, og renni greiðslan til hvers framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og ekki eru sjálfstæðir framteljendur. Er þetta hagkvæmari og sanngjarnari regla en að miða við íbúðastærð.

Ef sú leið yrði farin að greiða niður olíuverð, er óhjákvæmilegt, að tekjurnar renni til lækkunar á verði fleiri neysluflokka en olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Ennfremur væri með þeirri aðferð dregið úr viðleitni til betri nýtingar olíunnar eða til að nýta innlenda orkugjafa. Auk þess væri slík niðurgreiðsluleið mun erfiðari í framkvæmd.

Í lok a. liðar 2. gr. er svo kveðið á um, að greiðslan skuli ekki talin til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

Í b. lið 2. gr. er ákvæði, sem veitir heimild til þess að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða. Þykir rétt að hafa heimild þessa, ef rafmagn til húsa hitunar þyrfti að hækka verulega í verði, þar sem raforka er framleidd með disilafli.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið svo á um, að tekjum af gjaldi skv. l. 5/1974 skuli úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr., svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Eðlilegast er einnig, að sveitarstjórnir afli upplýsinga um fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

Í 4. gr. frumvarpsins er viðskiptaráðherra veitt heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo sem um upphæð greiðslna, hversu oft greiðslur skuli fara fram o. fl.